

Rekstrarstjórn Nausts

Fundargerð 5. fundar rekstrarstjórnar Dvalarheimilisins Nausts dags. 6. febrúar kl. 13:20, haldinn að Fjarðarvegi 3.

Mætt eru: Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Halldóra Pálsdóttir, Sólrún Siggeirsdóttir og Jónas Egilsson staðgengill sveitarstjóra og formanns, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá og fundargerð

1. Staða yfirmanna veturinn 2020

Halldóra mun fara í fæðingarorlof í haust og Sólrún hefur sótt um í ljósmóðurnám við HÍ í haust og mun láta af störfum ef hún fær rými.

Laun starfsmanna - Veikindaréttur starfsmanns – rætt.

2. COVID-19

Farið var yfir varúðarráðstafanir fyrir heimilið. Búið er að loka heimilinu fyrir gestum, en þó eru undantekningar með ströngum reglum.

3. Staða framkvæmda

Framkvæmdum ekki lokið. Ég ætlaði alltaf að hafa opið hús þegar þeim lyki en ástandið býður ekki upp á það. Nú er stóra spurningin hvort að við ættum að vera að taka inn nýtt fólk á meðan staðan í samfélaginu er svona. Læknirinn kom til mín í morgun og hann sagði að þetta væru alveg kjörin einangrunarherbergi ef til þess kæmi en samt ætti sveitarfélagið ekki að bera kostnað af því.

Málningarvinnu var frestað þar til í haust. Vill takmarka alla óþarfa umgengni.

4. Fjárhagsáætlun og launaáætlun

Bráðabirgðayfirlit vegna 2019 sýnir að tekjur eru lægri en gert var ráð fyrir og rekstrarkostnaður meiri. Ákveðið að yfirfara rekstrartölur.

5. Önnur mál

Spjaldtölvukaup. Keypt var spjaldtölva til að bæta samskipti vistmanna við aðstandendur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35